

Mál nr. 450/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 28. nóvember 2025 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V1 dags. 19. desember 2025 ásamt fylgiskjöllum.
3. Bréf V2 dags. 19. desember 2025 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. desember 2025 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis varð hinn 8. nóvember 2025 árekstur milli bifreiðanna A og B, sem M ók umrætt sinn en B mun vera í eigu móður hans, á Bakkavegi við Helguvíkurveg. Í skýrslunni er haft eftir ökumanni A að hann hafi ekið norður Helguvíkurveg og ætlað að fara að Selvík. Þegar hann hafi ekið fram hjá gatnamótunum við Bakkaveg hafi B verið ekið gegn biðskyldu og í hægri hliðina á A. Eftir M er haft að hann hafi ekið B vestur Bakkaveg að Helguvíkurvegi. Hann hafi verið að taka vinstri beygju. Þegar hann hafi ekið að gatnamótunum hafi A verið í blinda punktinum. A hafi verið á biðskyldu og hefði átt að stöðva fyrir B en ekki gert það. Umrædd skýrsla var ekki unnin á vettvangi heldur var haft samband við aðila símleiðis tveimur dögum eftir að umræddur árekstur átti sér stað.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að skipta sök til helminga þar sem ósannað væri um afstöðu ökutækja í aðdraganda áreksturs.

M fellir sig ekki við þau málalok og telur ökumann A bera alla sök á árekstrinum. Telur hann að tjónanefnd hafi m.a. byggt á því að hann sem ökumaður B hafi ekki virt biðskyldu en engin biðskylda sé frá Bakkavegi. Það hafi verið ökumaður A sem hafi ekið mjög óvarlega að biðskyldu og hafi að því er virðist ranglega talið að B, en ekki A, bæri að veita umferð forgang vegna biðskyldu.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var váttryggjandi A, kemur fram að af skýrslu Aðstoðar og öryggis megi ráða að ökumenn hafi verið ósammála hvort ökumanni A hafi láðst að virða biðskyldu við gatnamótin. Í atburðalýsingu skýrsluhöfundar komi fram að þegar B var ekið inn á Helguvíkurveg hafi A verið ekið gegn biðskyldu fram hjá B með þeim afleiðingum að árekstur varð. Á grundvelli þess hafi V1 fallist á bótaskyldu. Í kjölfar þess hafi eigandi A haft samband við V1 og útskýrt málsatvik með ítarlegri hætti en hann hafi talið skýrsluna efnislega ranga. Hafi hann sagt B hafa verið ekið óvarlega gegnum gatnamótin og hafi hún hafnað á röngum vegarhelmingi við beygjuna á Helguvíkurvegi og hafnað á A sem enn hafi ekki verið komin að biðskyldumerkinu. Hafi hann því óskað meðferðar málsins fyrir tjónanefnd og í viðbótarframburði sínum áréttað að áreksturinn hafi átt sér stað áður en komið var að biðskyldu. Hafi hann þá lagt fram ljósmyndir af vettvangi sem sýni brot úr bæði A og B en staðsetning þeirra styðji við framburð hans um það hvar áreksturinn hafi átt sér stað, en brot úr bifreiðunum séu á nokkuð afmörkuðu svæði á veginum. Telji V1 því ljóst að A hafi enn verið í nokkurri fjarlægð frá biðskyldumerkinu. Ökumaður B hafi hins vegar ekki gætt að því að staðsetja bifreið sína hægra megin á veginum og hafi B því hafnað á A sem var ekið eftir réttum vegarhelmingi í gagnstæða átt. Hafi ökumaður B því ekki gefið gaum að umferð sem á móti kom. Hafi hann tekið vinstri beygju með óvarlegum hætti og með því brotið gegn 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Sé samkvæmt framangreindu rétt að ökumaður B beri alla sök á árekstri aðila.

Í bréfi V2, sem á tjónsdegi var váttryggjandi B, er tekið undir málalíbúnað M. Er því mótmælt að ósannað sé um stöðu A og B í aðdraganda áreksturs, enda liggi fyrir að ökumaður A hafi vanrækt að virða forgang umferðar sem gefinn var til kynna með biðskyldu og hafi þannig gerst brotlegur við 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Sé því rétt að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum.

Í viðbótarathugasemdum sem faðir M setur fram fyrir hans hönd, er lýsingu ökumanns A á atvikum mótmælt. Fyrstu brotin úr A og B hafi verið fyrir utan biðskyldu en eðli máls samkvæmt hafi þau færst

til í samræmi við akstursstefnu. Ljóst sé að áreksturinn verði eingöngu rakinn til þess að ökumaður A hafi ekki sýnt eðlilega aðgát við biðskyldu.

Álit.

Aðilar fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi og af þeim ljósmyndum sem fyrir nefndinni liggja verður ekki ráðið með vissu hver afstaða A og B var í aðdraganda áreksturs. Né verður það ráðið með nokkurri vissu af staðsetningu ákoma á bifreiðunum. Fyrstu framburðir ökumanna A og B eru þeir sem hafðir eru eftir þeim í skýrslu Aðstoðar og öryggis en starfsmaður þess fyrirtækis hafði samband við ökumenn símleiðis tveimur dögum eftir umræddan atburð. Ekki liggur fyrir hvort þau símtöl voru hljóðrituð en í öllu falli liggja upptökur þeirra ekki fyrir nefndinni. Fyrir liggur að ökumaður A gerði, strax daginn eftir, athugasemdir við það sem fram kom í skýrslunni. Af þeim athugasemdum svo og þeim athugasemdum sem settar eru fram í málinu fyrir hönd M má ráða að ökumenn séu ósammála um nær öll atvik við áreksturinn og telji hvor um sig að hinn aðilinn beri alla sök á umræddum árekstri.

Af hálfu M er byggt á því að ökumaður A hafi vanrækt að veita B forgang til samræmis við biðskyldumerki og með því gerst brotlegur við 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Ökumaður A byggir hins vegar á því að hann hafi ekki verið kominn að umræddu biðskyldumerki og að áreksturinn megi rekja til þess að M hafi ekið of hratt við beygju til vinstri og ekki gefið gaum að umferð sem á móti kom og með því brotið gegn áskilnaði 19. gr. umferðarlaga.

Báðir aðilar hafa lagt fram ljósmyndir sem sýna brot úr bifreiðunum á vettvangi sem þeir telja hvor um sig að styðji við sína lýsingu á málavöxtum.

Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður samkvæmt öllu framangreindu að telja ósannað um stöðu ökutækjanna A og B í aðdraganda árekstursins. Eru því ekki efni til að leggja sök á annan ökumanna umfram hinn.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna A og B.

Reykjavík, 11. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir